

Nð.

244. Breytingartillögur

við frv. til laga um dýralækna (þskj. 65).

Frá Gunnari Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Dýralæknar skulu vera fjórir á landinu, einn í hverjum landsfjórðungi. Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústaði þeirra.

Dýralæknirinn í Reykjavík, er nefnist landsdýralæknir, skal jafnframt vera aðalráðunautur stjórnarinnar í heilbrigðismálum búpenings og hafa fyrir hennar hönd eftirlit með embættisfærslu annara dýralækna.

2. Við 5. gr. Orðin »og dýralæknarnir« . . . til enda greinarinnar falla niður.

3. Við 7. gr. Greinin fellur niður.